



Stjórnandahandbók

Raðnúmerasvið

GR-20J
GR-26J

GRJ13-519 og frá GRJ13-523

CE

með
viðhaldsupplýsingum

Pýðing á upprunalegum
leiðbeiningum
Second Edition
First Printing
Part No. 216596IS

Mikilvægt

Lestu, skildu og hlýddu þessum öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum áður en þú notar þessa vél. Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk hefur leyfi til að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef einhverjar spurningar vakna skal hringja í Genie.

Efni

	Bls.
Inngangur	1
Skilgreiningar á táknum og hættuskýringarmyndum	3
Persónulegt öryggi	5
Öryggi á vinnusvæði	6
Myndskýring	13
Stjórnþæki	14
Skoðun	18
Notkunarleiðbeiningar	30
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu	39
Viðhald	42
Tæknilýsing	44

Hafðu samband við okkur:

Internet: <http://www.genielift.com>
Tölvupóstur: awp.techpub@terex.com

Höfundarréttur © 2010 Genie Industries

Önnur útgáfa: Fyrsta prentun, ágúst 2013

„Genie“ er skrásett vörumerki Genie Industries í Bandaríkjunum og mörgum öðrum löndum.

 Uppfyllir EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

 Prentað á endurunnninn pappír L

Prentað í Bandaríkjunum

Inngangur

Eigendur, notendur og stjórnendur:

Genie þakkar þér fyrir að hafa valið okkar vél til verksins. Öryggi notanda er okkur efst í huga og það er best tryggt með samstíga aðgerðum. Við teljum að þú aukir verulega öryggi á vinnustað ef þú, sem notandi og stjórnandi búnaðarins:

- 1 **Fylgir** reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera.
- 2 **Lest, skilur og fylgir** leiðbeiningunum í þessari og öðrum handbókum sem fylgja með vélinni.
- 3 **Notar góða, örugga vinnuhætti** á skynsaman hátt.
- 4 **Lætur aðeins þjálfaða/vottaða stjórnendur**, sem vinna undir upplýstu og reyndu eftirliti, keyra vélina.

Ef eitthvað er í þessari handbók sem ekki er nógu skýrt eða sem þú telur að ætti að bæta við, skaltu vinsamlegast hafa samband.

Internet: www.genielift.com

Tölvupóstur: techpub@terex.com



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

- ☒ Þú lærir og iðkir meginreglur öruggrar vélarstjórnunar sem finna má í þessari stjórnandahandbók.
 - 1 **Forðastu hættulegar aðstæður.**

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

 - 2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
 - 3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.
 - 4 Kannaðu vinnustaðinn.
 - 5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.
 - ☒ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.
 - ☒ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.
 - ☒ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.
 - ☒ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Inngangur

Hættuflokkun

Genie notast við merkingar, litakóða og auðkennandi orð til að auðkenna eftirfarandi:



Öryggisviðvörðunartákn—notað til að vara þig við hugsanlegri hættu á líkamstjóni. Hlýddu öllum öryggisskilaboðum sem fylgja þessu tákn til að forðast möguleg meiðsli eða dauða.

▲ HÆTTA

Rauður

Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem munu, ef ekkert er að gert, leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

▲ AÐVÖRUN

Appelsínugulur

Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem gætu, ef ekkert er að gert, leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

▲ VARÚÐ

Gulur

Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem gætu, ef ekkert er að gert, leitt til minniháttar eða vægra meiðsla.

TIL ATHUGUNAR

Blár

Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem gætu, ef ekkert er að gert, leitt til eignaskemmda.




Fyrirhuguð not

Þessi vél er eingöngu ætluð til að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum og efni, upp á hækkað vinnusvæði.





Viðhald á öryggisskiltum

Endurnýjaðu öll öryggisskilti sem vantar eða eru skemmd. Hafðu öryggi stjórnanda í huga öllum stundum. Notaðu milt sápuvatn til að þrifa öryggisskiltin. Ekki nota hreinsiefni með leysi því það getur skaðað yfirborð öryggisskiltisins.

Skilgreiningar á táknum og hættuskýringarmyndum

				
Hætta á að kremjast	Hætta á raflosti	Eldhætta	Sprengihætta	Hætta á bruna
				
Fallhætta	Rafhlöður notaðar sem mótvægi	Engan opin eld	Hætta á veltu	Reykingar bannaðar
				
Spennumæling fyrir rafmagn í pall	Hætta á raflosti	Haltu nauðsynlegri fjarlægð	Haltu þig frá hlutum sem hreyfast	Lestu stjórnandahandbókina
				
Reykingar bannaðar. Engan eld. Stöðvaðu hreyfilinn	Haltu þig frá þessum fleti	Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að fá aðgang að hólfunum	Árekstrarhætta	Skorðaðu hjólin áður en hemlar eru losaðir
				
Hætta á að kremjast	Haltu þig frá upplyftum hlutum á meðan vél er þjónustuð	Árekstrarhætta	Ekki standa undir palli þegar hann er á lofti	

Skilgreiningar á táknum og hættuskýringarmyndum

 Jarðtengdur riðstraumur. Aðeins 3-víra innstunga	 Endurnýjaðu skemmda víra og leiðslur	 Festipunktur fyrir dragreiði	 Álag á hjól	 Hætta á veltu
 Hætta á bruna	 Hámarksburðargeta pallsins	 Hámarks handvirkt afl	 Hámarksvindhraði	 Pegar hallaaðvörun heyrir, skal lækka pallinn

Persónulegt öryggi

Fallvörn

Pörf er á persónulegum fallvarnarbúnaði (PFPE) þegar þessi vél er notuð.

Starfsmenn á palli verða að vera með öryggisbelti eða -ólar í samræmi við reglur hins opinbera. Tengdu dragreipið við akkerið sem fylgir á pallinum.

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.

Allur persónulegur fallvarnarbúnaður verður að fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum og verður skoðun og notkun að vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda hans.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á raflosti



Þessi vél hefur ekki verið einangruð fyrir rafmagni og mun því ekki veita vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.



Haltu áskilinni fjarlægð frá raflínunum og raftækjabúnaði í samræmi við viðeigandi reglur hins opinbera og eftirfarandi töflu.

Línustraumur	Áskilinn fjarlægð
0 til 50 kV	3,0 m
50 til 200 kV	4,6 m
200 til 350 kV	6,1 m
350 til 500 kV	7,6 m
500 til 750 kV	10,6 m
750 til 1.000 kV	13,7 m

Gerðu ráð fyrir hreyfingu pallsins, sveiflun og sigi á raflínunum og varastu mikinn vind og vindhviður.

Haltu þig frá vélinni ef hún snertir raflínur með straumi á. Starfsfólk á jörðu niðri eða á pallinum má ekki snerta eða nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Ekki nota vélina í eldingaveðri eða stormi.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

⚠ Hætta á veltu

Starfsfólk, tækjabúnaður og efni skal ekki fara umfram hámarksburðargetu pallsins.

Hámarksburðargeta pallsins	200 kg
-----------------------------------	--------

Þyngd valkosta og aukabúnaðar, svo sem röragrinda og töflugrinda, mun lækka hámarksburðargetu pallsins og því þarf að reikna hana inn í heildarálag á pall. Sjá límmiðana um valkosti og aukahluti.

Ef aukahlutir eru notaðir skaltu lesa, skilja og hlýða merkjunum og leiðbeiningunum með aukahlutnum.

Ekki breyta eða afvirkja markrofana.



Ekki lyfta pallinum nema vélin sé á traustu, lárétu undirlagi.

Ekki treysta á hallaaðvörunina sem stöðuvísi. Hallaaðvörunin hljómar eingöngu á pallinum þegar vélin er í miklum halla.



Ef hallaaðvörunin hljómar: Láttu gálgann og síðan klýfurbómuna síga. Færðu vélina á traust, lárétt yfirborð. Gættu fyllstu varúðar þegar gálginn er látinn síga.

Öryggi á vinnusvæði

Þegar pallinum er lyft upp, skaltu fylgja neðangreindum mælingum um leyfilegt handvirk álag og fjölda einstaklinga.



Ekki nota vélina í sterkum vindi eða roki. Ekki auka yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar. Ef svæðið er aukið og það er berskjaldað fyrir vindi minnkar það stöðugleika vélarinnar.



Gættu sérstakrar varúðar og dragðu úr hraða þegar vélin er keyrð í frágenginni stöðu yfir ójafnt landslag, rusl, óstöðugt eða sleipt yfirborð og nærri holum og þverhnípi.

Ekki keyra vélina á eða nálægt ójöfnu landslagi, óstöðugu yfirborði eða öðrum hættulegum aðstæðum með bómuna á lofti eða útdregna.



Ekki ýta frá eða draga í átt að neinum hlut utan pallsins.

Hámarks handvirk afl	Hámarksfjöldi starfsmanna
400 N aðeins innandyra	2
200 N utandyra	1

Ekki breyta eða afvirkja einingar vélarinnar sem á einhvern hátt hafa áhrif á öryggi og stöðugleika.

Ekki endurnýja hluti sem mikilvægir eru stöðugleika vélarinnar með hlutum af annarri þyngd eða tæknilýsingu.

Ekki breyta loftvinnupallinum án fyrirfram skriflegs leyfis frá framleiðandanum. Viðhengi til að halda verkfærum eða öðrum efnum við pallinn, gangbretti eða handdriðakerfi geta aukið þyngd á pallinum og yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar.

Öryggi á vinnusvæði



Ekki setja eða festa yfirhangandi byrðar við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki setja stiga eða vinnupalla á pallinn eða upp við neinn hluta þessarar vélar.



Ekki flytja verkfæri og efni nema þeim sé jafnt dreift og einstaklingur/-ar á pallinum geti meðhöndlað þau á öruggan hátt.



Ekki nota vélina á yfirborði eða ökutæki sem hreyfist eða er hreyfanlegt.

Gættu þess að öll dekk séu í góðu ásigkomulagi og að eyrnarær séu almennilega hertar.

Ekki nota stjórnæki pallsins til að losa pall sem er fastur, kræktur eða á annan hátt hindraður frá eðlilegri hreyfingu með aðliggjandi mannvirki. Allt starfsfólk verður að fara af pallinum áður en reynt er að losa hann með stjórnækjunum á jörðu niðri.

Ekki nota rafgeyma sem vega minna en upprunalegi búnaðurinn. Rafgeymar eru notaðir sem mótvægi og eru nauðsynlegir fyrir stöðugleika vélarinnar. Rafgeymahólfíð, að meðtöldum rafgeymum, verður að vega að lágmarki 212 kg.

Ekki nota vélina sem krana.

Ekki ýta vélinni eða öðrum hlutum með bómunni.

Ekki snerta aðliggjandi mannvirki með bómunni.

Ekki binda bómuna eða pallinn við aðliggjandi mannvirki.

Ekki setja byrðar utan jaðars pallsins.

⚠ Hættur við notkun í brekkum

Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram hámarksrálgildi vélarinnar hvað varðar brekkur upp í móti, niður í móti eða til hliðar. Rálgildi halla á einungis við um vélar í frágenginni stöðu.

Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
---	-----------

Hámarkshliðarhalli, frágengin staða	15% (9°)
--	----------

Ath.: Rálgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi. Sjá Ekið í brekku í hlutanum Notkunarleiðbeiningar.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Fallhætta

Starfsmenn á palli verða að vera með öryggisbelti eða -ólar í samræmi við reglur hins opinbera. Tengdu dragreiðið við akkerið sem fylgir á pallinum.

Ekki sitja á, standa á eða klifra í handriði pallsins. Haltu alltaf góðri fótfestu á gólfi pallsins.

Ekki klifra niður úr pallinum þegar hann er á lofti.

Haltu gólfi pallsins lausu við rusl.

Láttu miðteininn í hliði pallsins síga eða lokaðu inngangshliðinu fyrir notkun.

Ekki fara inn á eða út af pallinum nema vélin sé í frágenginni stöðu og pallurinn á jörðu niðri.

**⚠ Árekstrarhætta**

Gættu þín á takmarkaðri útsýnisfjarlægð og blindum blettum þegar ekið er eða unnið.

Gættu þín á stöðu palls og endasveiflu þegar snúanlega hlutanum er snúið.

Athugaðu með fyrirstöður uppi yfir vinnusvæðinu eða aðra mögulega hættu.

Gættu þín á hættunni á því að klemma þig þegar þú grípur um handrið pallsins.

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.

Fylgdu og notaðu litakóðuðu stefnumörvarnar á stjórnækjum pallsins og undirvagninum við akstur- og stýringaraðgerðir.



Öryggi á vinnusvæði



Ekki láta bómuna síga nema ekkert starfsfólk og engar fyrirstöður séu á svæðinu fyrir neðan.

Takmarkaðu aksturshraða í samræmi við ástand yfirborðs jarðar, þröng, brekku, staðsetningu starfsfólks og alla aðra þætti sem kunna að valda árekstri.



Ekki nota bómuna í slóð neins krana nema stjórnækjum kranans hafi verið læst og/eða gripið til varúðaraðgerða til að koma í veg fyrir hugsanlegan árekstur.

Engan áhættuakstur eða ærsl þegar vélin er notuð.

Vélin verður að vera á láréttu yfirborði eða fest áður en hemlarnir eru losaðir.

⚠ Sprengi- og eldhætta

Aðeins skal hlaða rafgeyminn á opnu, vel loftræstu svæði, fjarri neistum, logum og logandi tóbaki.

Ekki nota vélina eða hlaða rafgeymana á hættulegum stöðum eða stöðum þar sem hugsanlega eldfimar eða sprengifimar gastegundir eða agnir kunna að vera til staðar.

⚠ Hætta á líkamstjóni

Ekki nota vélina ef um er að ræða leka á glussa eða lofti. Leki á lofti eða glussa getur farið í gegnum og/eða brennt húðina.

Röng snerting við íhluti undir hvaða hlíf sem er veldur alvarlegum meiðslum. Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólfið. Aðgangur stjórnaða er aðeins ráðlagður þegar skoðun fyrir notkun er framkvæmd. Öll hólfið verða að vera lokað og læst meðan á notkun stendur.

⚠ Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Framkvæmdu vandlega skoðun á vélinni fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merktu samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og viðeigandi þjónustuhandbók.

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vertu viss um að stjórnaða-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílatinu sem staðsett er á pallinum.


⚠ Hætta vegna skemmdra íhluta

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Öryggi rafgeymis

Hætta á bruna



Rafgeymar innihalda síru. Alltaf skal vera í hlífðarfatnaði og með augnhlífir þegar unnið er við rafgeyma.

Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.



Rafgeymapakinn verður að haldast í uppréttri stöðu.

Ekki hafa rafgeyma eða hleðslutæki berskjölduð gagnvart vatni eða rigningu.

Sprenghætta



Haltu neistum, logum og logandi tóbaki frá rafgeymum. Rafgeymar gefa frá sér sprengifimt gas.



Hlífin á rafgeymapakkanum má ekki vera á meðan á hleðsluferlinu stendur.

Ekki snerta rafgeymaskautin eða kapalklemmurnar með verkfærum sem gætu valdið neistum.

Hætta vegna skemmdra íhluta

Ekki nota neitt hleðslutæki stærra en 48 V til að hlaða rafgeymana.

Hætta á raflosti



Tengdu hleðslutækið aðeins við jarðtengda 3-víra rafmagnsinnstungu.

Kannaðu daglega með skemmda snúru, kapla og víra. Endurnýjaðu skemmda hluti fyrir notkun.

Forðastu raflost vegna snertingar við rafgeymaskaut. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgrip.

Hætta á veltu

Ekki nota rafgeyma sem vega minna en upprunalegi búnaðurinn. Rafgeymar eru notaðir sem mótvægi og eru nauðsynlegir fyrir stöðugleika vélarinnar. Rafgeymahólfíð, að meðtöldum rafgeymum, verður að vega að lágmarki 212 kg.

Lyftihætta


Notaðu viðeigandi lyftitæki til að fjarlægja eða setja upp rafgeymana.

Öryggi á vinnusvæði

Læsing eftir hverja notkun

- 1 Veldu örugga staðsetningu til að leggja vélinni—traustan, láréttan flöt, lausan við fyrirstöður og umferð.
- 2 Láttu klýfurbómuna og mastrið síga í frágengna stöðu.
- 3 Snúðu snúanlega hlutanum þannig að pallurinn sé milli föstu hjólanna.
- 4 Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að fyrirbyggja óheimila notkun.
- 5 Skorðaðu hjólin.


Myndskýring



- 1 Stýridekk
- 2 Neyðarlækkunarstjórnþæki (einnig undir hlíf á hinni hliðinni)
- 3 Stjórnþæki á jörðu niðri
- 4 Rafgeymar (undir hlíf)
- 5 Gálgi
- 6 Klýfurbóma
- 7 Neyðarlækkunarloki fyrir klýfurbómu
- 8 Stjórnþæki palls

- 9 Pallur
- 10 Miðteinn sem rennur til
- 11 Festipunktur fyrir dragreipi
- 12 Geymsluílát handbókar
- 13 Rauður neyðarstöðvunarhnappur
- 14 Rafmagn til hleðslutækis
- 15 Föst dekk

Stjórnntæki



Stjórnborð palls

- | | |
|--|--|
| 1 Aðgerðarhnappur klýfurbómu með vísiljósi | 8 Vísiljós þegar vél er ekki lárétt |
| 2 Aðgerðarhnappur fyrir gálgaaðgerðir og snúning snúanlega hlutans með vísiljósi | 9 Flautuhnappur |
| 3 Akstursaðgerðarhnappur með vísiljósi | 10 Aðgerðavirkjunarrofi fyrir aksturs- og bómuaðgerðir |
| 4 Rauður neyðarstöðvunarhnappur | 11 Hlutfallsstýringarhandfang fyrir aksturs- og bómuaðgerðir |
| 5 Vísiljós fyrir akstursvirkjun | 12 Pumalveltirofi fyrir stýringaraðgerðir |
| 6 Viðvörðunarljós um yfirálag palls | |
| 7 Akstursvirkjunarhnappur | |

Stjórnntæki

Stjórnborð palls

- 1 Aðgerðarhnappur klýfurbómu með vísiljósi
Ýttu á aðgerðarhnapp klýfurbómu til að velja klýfurbómuaðgerð. Vísiljósið logar.
- 2 Aðgerðarhnappur fyrir gálgaaðgerðir og snúning snúanlega hlutans með vísiljósi
Ýttu á aðgerðarhnappinn fyrir gálgaaðgerð og snúningsaðgerð snúanlega hlutans til að velja snúningsaðgerðir gálga og snúanlega hlutans. Vísiljósið logar.
- 3 Akstursaðgerðarhnappur með vísiljósi
Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn til að velja aksturs- og stýringaraðgerð. Vísiljósið logar.
- 4 Rauður neyðarstöðvunarhnappur
Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í afstöðuna til að stöðva allar aðgerðir. Snúðu rauða neyðarstöðvunarhnappinum í á-stöðuna til að nota vélina.
- 5 Vísiljós fyrir akstursvirkjun
Logandi ljós gefur til kynna að bóman hafi hreyfst framhjá öðru hvoru föstu hjóli og akstursaðgerðin hafi verið stöðvuð.
- 6 Viðvörðunarljós um yfirálág palls
Logandi ljós gefur til kynna að pallurinn sé ofhlaðinn og engar aðgerðir virka. Aðvörðun hljómar þegar þetta ljós logar.
Fjarlægðu þyngd af pallinum þar til ljósið slokknar og aðvörðunin hættir að hljóma.

7 Akstursvirkjunarhnappur

Til að aka þegar akstursvirkjunarljósið er kveikt skal ýta á akstursvirkjunarrofann og akstursrofann og færa akstursstýringarhandfangið hægt frá miðju. Gerðu þér grein fyrir að vélin kann að hreyfast í gagnstæða átt við þá sem stjórnntæki aksturs og stýringar eru hreyfð í.

8 Vísiljós þegar vél er ekki lárétt

Vísiljós þegar vél er ekki lárétt kviknar þegar hallaaðvörðunin hljómar.

9 Flautuhnappur

Ýttu á flautuhnappinn og flautan hljómar. Slepptu flautuhnappinum og flautan þagnar.

10 Aðgerðavirkjunarrofi fyrir aksturs- og bómuaðgerðir

Ýttu á og haltu virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu til að virkja aðgerðirnar.


11 Hlutfallsstýringarhandfang fyrir aksturs- og bómuaðgerðir

Hreyfðu stýringarhandfangið í þá átt sem bláa örin gefur til kynna og aðgerðir vélarinnar munu vinna í þá átt sem bláa örin gefur til kynna. Hreyfðu stýringarhandfangið í þá átt sem gula örin gefur til kynna og aðgerðir vélarinnar munu vinna í þá átt sem gula örin gefur til kynna. Hreyfðu stýringarhandfangið til vinstri og snúanlegi hlutinn snýst til vinstri. Hreyfðu stýringarhandfangið til hægri og snúanlegi hlutinn snýst til hægri.

12 Þumalveltirofi fyrir stýringaraðgerðir

Ýttu á vinstri hlið þumalveltirofans og vélin stýrir til vinstri. Ýttu á hægri hlið þumalveltirofans og vélin stýrir til hægri.

Stjórnntæki



Stjórnborð á jörðu niðri

- | | |
|--|--|
| 1 Hnappurinn Gálgi upp/niður | 5 Lykilrofi til að slökkva á notkun pallsins frá jörðu |
| 2 Hnappur til að snúa snúanlega hlutanum vinstri/hægri | 6 Hnappurinn Klýfurbóma upp/niður |
| 3 Vísiljós þegar vél er ekki lárétt | 7 Aðgerðarvirkjunarrofi fyrir aðgerðirnar Gálgi upp, Klýfurbóma upp og Snúanlegi hlutinn snýst til vinstri |
| 4 Viðvörðunarljós um yfirálag palls | 8 Aðgerðarvirkjunarrofi fyrir aðgerðirnar Gálgi niður, Klýfurbóma niður og Snúanlegi hlutinn snýst til hægri |

Stjórnntæki

Stjórnborð á jörðu niðri

1 Hnappurinn Gálgi upp/niður

Ýttu á og haltu hnappinum Gálgi upp/niður til að velja aðgerðina Gálgi upp/niður

2 Hnappur til að snúa snúanlega hlutanum vinstri/hægri

Ýttu á og haltu hnappinum til að snúa Snúanlegi hlutinn snýst til vinstri/hægri til að velja aðgerðina Snúanlegi hlutinn snýst vinstri/hægri.

3 Vísiljós þegar vél er ekki lárétt

Vísiljós þegar vél er ekki lárétt kviknar þegar hallaaðvörðunin hljómar.

4 Viðvörðunarljós um yfirálag palls

Logandi ljós gefur til kynna að pallurinn sé ofhlaðinn og engar aðgerðir virka.

Fjarlægðu þyngd af pallinum til að halda áfram notkun vélar, eða láttu manneskju á jörðu niðri snúa lykilrofanum á stjórnþækjunum niðri og haltu áfram að láta pallinn síga.

Ath.: Aðvörðun hljómar á pallinum þegar yfirálagsástand kemur upp og hættir að hljóma þegar þyngd er fjarlægð af pallinum.

5 Lykilrofi til að slökkva á notkun pallsins frá jörðu

Snúðu lykilrofanum í pall-stöðuna og stjórnntæki pallsins munu virka. Snúðu lykilrofanum í mið-stöðuna og það slekkur á vélinni. Snúðu lykilrofanum í jarð-stöðuna og stjórnntæki á jörðu niðri munu virka.

6 Hnappurinn Klýfurbóma upp/niður

Ýttu á og haltu hnappinum Klýfurbóma upp/niður til að velja aðgerðina Klýfurbóma upp/niður.

7 Aðgerðarvirkjunarrofi fyrir aðgerðirnar Gálgi upp, Klýfurbóma upp og Snúanlegi hlutinn snýst til vinstri

Ýttu á og haltu þessum aðgerðarvirkjunarrofa til að virkja aðgerðirnar Gálgi upp, Klýfurbóma upp og Snúanlegi hlutinn snýst til vinstri.

8 Aðgerðarvirkjunarrofi fyrir aðgerðirnar Gálgi niður, Klýfurbóma niður og Snúanlegi hlutinn snýst til hægri

Ýttu á og haltu þessum aðgerðarvirkjunarrofa til að virkja aðgerðirnar Gálgi niður, Klýfurbóma niður og Snúanlegi hlutinn snýst til hægri.

Skoðun



Ekki nota nema:

- ☒ Þú lærir og iðkir meginreglur öruggrar vélarstjórnunar sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði skoðunar fyrir notkun

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva ef eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

Sjáðu listann á næstu síðu og athugaðu hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu framkvæma reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem taldar eru upp í ábyrgðarhandbókinni.

Skoðun

Skoðun fyrir notkun

- ☐ Vertu viss um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílatinu sem staðsett er á pallinum.
- ☐ Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir. Sjá hlutann **Skoðun**.
- ☐ Athugaðu með glussaleka og rétta olíustöðu. Bættu á olíu ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.
- ☐ Athugaðu með leka á rafvökva og rétta vökvastöðu. Bættu á eimuðu vatni ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ☐ Rafmagnsíhlutum, leiðslum og rafmagnsköplum
- ☐ Glussaslöngum, tengingum, tjökkum og greinum
- ☐ Glussatanki
- ☐ Aksturs- og snúningsmótor og drifnöfum
- ☐ Slitpúðum gálga
- ☐ Dekkjum og felgum
- ☐ Takmörkunarrofum og flautu
- ☐ Aðvörunum og snúningsljósum (ef til staðar)
- ☐ Róm, boltum og öðrum festingum
- ☐ Miðteini á inngangi palls

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ☐ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ☐ Dælda eða skemmda á vél
- ☐ Óhóflegs ryðs, tæringar eða oxunar
- ☐ Gættu þess að allir íhlutir samsetningar og aðrir mikilvægir íhlutir séu til staðar og allar tengdar festingar og pinnar séu á sínum stað og rétt hertir.
- ☐ Gakktu úr skugga um að rafgeymarnir séu á sínum stað og almennilega tengdir.
- ☐ Eftir að þú lýkur skoðuninni skaltu gæta þess að allar hlífar fyrir hólfum séu á sínum stað og kræktar.

Skoðun



Ekki nota nema:

- ☒ Þú lærir og iðkir meginreglur öruggrar vélarstjórnunar sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

- 1 Forðastu hættulegar aðstæður.
- 2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

- 4 Kannaðu vinnustaðinn.
- 5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði virkniprófunar

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilun uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virknipróf aftur áður en vélin er tekin í notkun.

Skoðun

- 1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, lárétt og laust við hindranir.

Við stjórtæki á jörðu niðri

- 2 Snúðu lykilrofanum á stjórtækjum á jörðu niðri.
- 3 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

Prófun neyðarstöðvunar

- 4 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna.
- 5 Virkjaðu hverja aðgerð vélarinnar.
- ⊗ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.
- 6 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

Prófa aðgerðir vélarinnar og lækkunaraðvörðun


- 7 Ekki ýta á og halda neinum aðgerðavirkjunarhnappi. Reyndu að virkja hverja aðgerð.
- ⊗ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.
- 8 Ýttu á og haltu aðgerðavirkjunarrofanum fyrir aðgerðirnar Gálgi upp, Klýfurbóma upp og Snúanlegi hlutinn snýst til vinstri. Ýttu á og haltu hnappinum fyrir aðgerðina Gálgi upp, aðgerðina Klýfurbóma upp og aðgerðina Snúanlegi hlutinn snýst til vinstri.
- ⊗ Niðurstaða: Aðgerðirnar ættu að vinna í gegnum heila hringrás. Lækkunaraðvörðunin ætti að hljóma á meðan gálginn er látinn síga.

- 9 Ýttu á og haltu aðgerðavirkjunarrofanum fyrir aðgerðirnar Gálgi niður, Klýfurbóma niður og Snúanlegi hlutinn snýst til hægri. Ýttu á og haltu hnappinum fyrir aðgerðina Gálgi niður, aðgerðina Klýfurbóma niður og aðgerðina Snúanlegi hlutinn snýst til hægri.

- ⊗ Niðurstaða: Aðgerðirnar ættu að vinna í gegnum heila hringrás. Lækkunaraðvörðunin ætti að hljóma á meðan bóman er látin síga.

Prófa hallaskynjarann

- 10 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í á-stöðuna. Snúðu lykilrofanum á stjórtækjum pallsins.
- 11 Lyftu pallinum um 10 cm.
- 12 Opnaðu hlífina á snúningshlutanum þeim megin sem stjórtæki á jörðu niðri eru og finndu hallaskynjarann.
- 13 Ýttu niður ofan á hallaskynjarann.
- ⊗ Niðurstaða: Aðvörðunin ætti að hljóma.
- 14 Láttu pallinn síga.



Skoðun

Við stjórnþæki pallsins

15 Snúðu lykilrofanum á stjórnþækjum pallsins.

16 Snúðu rauða neyðarstöðvunarhnappinum í á-stöðuna.

Prófun neyðarstöðvunar

17 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum í af-stöðuna.

18 Virkjaðu hverja aðgerð vélarinnar.

☉ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

19 Snúðu rauða neyðarstöðvunarhnappinum í á-stöðuna.

Prófa flautuna

20 Ýttu á flautuhnappinn.

☉ Niðurstaða: Flautan ætti að hljóma.

Prófa aðgerðavirkjunarrofann

21 Ekki halda virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.

22 Hreyfðu stýrihandfangið í þá átt sem bláa örin gefur til kynna, síðan í þá átt sem gula örin gefur til kynna.

☉ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

Prófa aðgerðir vélarinnar og lækkunaraðvörðun

23 Ýttu á aðgerðahnapp klýfurbómunnar.

☉ Niðurstaða: Vísiljósið fyrir ofan aðgerðarofann ætti að loga.

24 Ýttu á og haltu virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.

25 Hreyfðu stýrihandfangið í þá átt sem bláa örin gefur til kynna.

☉ Niðurstaða: Bóman ætti að lyftast.

26 Ýttu á og haltu virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.

27 Hreyfðu stýrihandfangið í þá átt sem gula örin gefur til kynna.

☉ Niðurstaða: Bóman ætti að síga og lækkunaraðvörðunin hljómar.

28 Ýttu á hnappinn fyrir aðgerð gálga og snúningsaðgerð snúanlega hlutans.

☉ Niðurstaða: Vísiljósið fyrir ofan aðgerðarofann ætti að loga.

29 Ýttu á og haltu virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.

30 Hreyfðu stýrihandfangið í þá átt sem bláa örin gefur til kynna.

☉ Niðurstaða: Gálginn ætti að lyftast.

31 Ýttu á og haltu virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.

Skoðun

32 Hreyfðu stýrihandfangið í þá átt sem gula örin gefur til kynna.

- ⊗ Niðurstaða: Gálginn ætti að síga. Lækkunaraðvörðunin ætti að hljóma þegar gálginn er látinn síga.

33 Ýttu á og haltu virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.

34 Færðu stýrihandfangið til vinstri.

- ⊗ Niðurstaða: Snúanlegi hlutinn ætti að snúast til vinstri.

35 Ýttu á og haltu virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.

36 Færðu stýrihandfangið til hægri.

- ⊗ Niðurstaða: Snúanlegi hlutinn ætti að snúast til hægri.

Prófa stýringuna

37 Ýttu á aðgerðarhnapp aksturs.

- ⊗ Niðurstaða: Vísiljósið fyrir ofan aðgerðarofann ætti að loga.

38 Ýttu á og haltu virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.

39 Ýttu þumalveltirofanum ofan á akstur stýrihandfanginu í þá átt sem blái þríhyrningurinn í stjórnborðinu gefur til kynna.

- ⊗ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að beygja í þá átt sem blái þríhyrningurinn á undirvagninum bendir á.

40 Ýttu þumalveltirofanum í þá átt sem guli þríhyrningurinn í stjórnborðinu gefur til kynna.

- ⊗ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að beygja í þá átt sem guli þríhyrningurinn á undirvagninum bendir á.

Prófa akstur og hemlun

41 Ýttu á aðgerðarhnapp aksturs.

- ⊗ Niðurstaða: Vísiljósið fyrir ofan aðgerðarofann ætti að loga.

42 Ýttu á og haltu virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.

43 Færðu akstursstýrihandfangið hægt í þá átt sem bláa örin í stjórnborðinu gefur til kynna þar til vélin byrjar að hreyfast, þá skaltu láta handfangið snúa aftur í miðstöðuna.

- ⊗ Niðurstaða: Vélin ætti að hreyfast í þá átt sem bláa örin á undirvagninum bendir í, síðan stöðvast skyndilega.

44 Færðu akstursstýrihandfangið hægt í þá átt sem gula örin í stjórnborðinu gefur til kynna þar til vélin byrjar að hreyfast, þá skaltu láta handfangið snúa aftur í miðstöðuna.

- ⊗ Niðurstaða: Vélin ætti að hreyfast í þá átt sem gula örin á undirvagninum bendir í, síðan stöðvast skyndilega.

Ath.: Hemlarnir verða að geta haldið vélinni í öllum brekkum sem hún getur ekið upp.


Skoðun

Prófa akstursvirkjunarkerfið

- 45 Ýttu á hnappinn fyrir aðgerð gálga og snúningsaðgerð snúanlega hlutans.
- 46 Ýttu á og haltu inni virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.
- 47 Snúðu snúanlega hlutanum þar til klýfurbóman hreyfist framhjá öðru fasta hjólinu.
- ⦿ Niðurstaða: Vísiljós fyrir akstursvirkjun ætti að kvikna og haldast logandi á meðan klýfurbóman er einhvers staðar á því sviði sem sýnt er.
- 48 Ýttu á aðgerðarhnapp aksturs.
- 49 Ýttu á og haltu inni virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.
- 50 Hreyfðu aksturstýrihandfangið út frá miðjunni.
- ⦿ Niðurstaða: Akstursaðgerðin ætti ekki að virka.
- 51 Ýttu á og haltu inni akstursvirkjunarrofanum og ýttu svo á akstursaðgerðahnappinn.
- ⦿ Niðurstaða: Akstursaðgerðaljósið ætti að kvikna.
- 52 Hreyfðu akstursstýringarhandfangið hægt út frá miðjunni.
- ⦿ Niðurstaða: Akstursaðgerðin ætti að virka.

Ath.: Þegar akstursvirkjunarkerfið er í notkun kann vélin að aka í gagnstæða átt við hvernig aksturs- og stýringarhandfangið er hreyft.

Notaðu litakóðuðu stefnuörvarnar á stjórnþækjum pallsins og undirvagninum til að bera kennsl á akstursátt.



Prófa takmarkaðan aksturshraða

- 53 Ýttu á hnappinn fyrir aðgerð gálga og snúningsaðgerð snúanlega hlutans.
- 54 Ýttu á og haltu inni virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.
- 55 Lyftu gálganum um það bil 10 cm.
- 56 Ýttu á aðgerðarhnapp aksturs.
- 57 Ýttu á og haltu inni virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.
- 58 Hreyfðu aksturstýrihandfangið út frá miðjunni.
- ⦿ Niðurstaða: Hámarksaksturshraði sem hægt er að ná með gálganum á lofti ætti ekki að fara yfir 18 cm á sekúndu.
- 59 Láttu gálganum síga. Lyftu klýfurbómunni þar til gólf pallsins er í um það bil 1 m hæð frá jörð.
- 60 Færðu akstursstýringarhandfangið hægt í fulla akstursstöðu.
- ⦿ Niðurstaða: Hámarksaksturshraði sem hægt er að ná með klýfurbómuna á lofti ætti ekki að fara yfir 18 cm á sekúndu.
- 61 Láttu klýfurbómuna síga í frágengna stöðu.

Ef aksturshraði með gálganum á lofti eða klýfurbómuna á lofti fer yfir 18 cm á sekúndu skal samstundis merkja og taka vélina úr umferð.

Skoðun

Prófun neyðarstöðvunar


Að láta gálgann síga

62 Opnaðu hlífina á snúningshlutanum beint á móti stjórntækjum á jörðu niðri.

63 Finndu aðgerðarloka gálga á aðgerðagreininni.

64 Snúðu hettunni rangsælis til að opna lokann.

65 Opnaðu hlífina á snúningshlutanum þeim megin sem stjórntæki á jörðu niðri eru.




66 Finndu neyðarlækkunarhnappinn.

67 Ýttu á og haltu neyðarlækkunarhnappinum.

⊙ Niðurstaða: Gálginn ætti að síga.

68 Snúðu hettunni á lokanum réttisælis til að loka lokanum fyrir virkni gálga.




Að snúa snúanlega hlutanum


69 Opnaðu hlífina á snúningshlutanum beint á móti stjórntækjum á jörðu niðri.

70 Finndu lokann á aðgerðagreininni sem notuð er fyrir handvirkar notkunaraðgerðir.


71 Snúðu hettunni rangsælis svo snúanlegi hlutinn snúist til hægri. Snúðu hettunni réttisælis svo snúanlegi hlutinn snúist til vinstri.



72 Settu handfang handdælnnar inn í dæluna.



73 Finndu snúningsloka snúanlega hlutans á aðgerðagreininni. Ýttu á og haltu svarta hnappinum á enda lokans.



74 Dældu handfanginu upp og niður um leið og þú heldur svarta hnappinum.

⊙ Niðurstaða: Snúanlegi hlutinn snýst.

75 Snúðu lokanum á aðgerðargreininni alla leið rangsælis til að endurstilla lokann.

76 Handfang handdælnnar er geymt undir hlífum undirvagnsins fyrir framan rafgeymana.


Skoðun

Að láta klýfurbómuna síga

77 Láttu gálgann síga með verklaginu
Neyðarlækkun til að láta gálgann síga.


78 Staðsettu lokann á
klýfurbómunni.

79 Snúðu hettunni á loka
klýfurbómunnar rangsælis
til að opna lokann.



80 Opnaðu hlífina á snúningshlutanum beint á mót
stjórnækjum á jörðu niðri.

81 Finndu lokann á
aðgerðagreininni sem
notuð er fyrir handvirkar
notkunaraðgerðir.



82 Snúðu hettunni á
lokanum hægt réttsælis.

☉ Niðurstaða: Klýfurbóman sígur þegar lokanum er
snúið að miðju hreyfisviðsins.


83 Þegar klýfurbóman hefur sigið skaltu snúa
hettunni á loka klýfurbómunnar réttsælis til að
loka lokanum.

84 Við aðgerðargreinina skaltu snúa hettunni á
handvirka aðgerðarlokanum rangsælis til að loka
lokanum.

Að stýra

85 Opnaðu hlífina á snúningshlutanum beint á mót
stjórnækjum á jörðu niðri.

86 Finndu stýrilokann á
aðgerðagreininni. Ýttu á
og haltu svarta
hnappinum á enda
lokans.



87 Settu handfang handdælunnar inn í dæluna og
dældu upp og niður með handfanginu.

☉ Niðurstaða: Dekkin stýra til hægri.

88 Finndu lokann á aðgerðagreininni sem notuð er
fyrir handvirkar notkunaraðgerðir.

89 Snúðu hettunni á lokanum rangsælis.

90 Finndu stýrilokann á aðgerðagreininni. Ýttu á og
haltu svarta hnappinum á enda lokans.

91 Settu handfang handdælunnar inn í dæluna og
dældu upp og niður með handfanginu.

☉ Niðurstaða: Dekkin stýra til vinstri.

92 Handfang handdælunnar er geymt undir hlífum
undirvagnsins fyrir framan rafgeymana.

Skoðun



Ekki nota nema:

- ☒ Þú lærir og iðkir meginreglur öruggrar vélarstjórnunar sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

- 1 Forðastu hættulegar aðstæður.
- 2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
- 3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

Þekktu og skildu könnun vinnustaðar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

- 5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Könnun vinnustaðar

Gættu þín á og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- þverhnípi eða holur
- ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- hallandi yfirborð
- óstöðugt eða sleipt yfirborð
- fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- hættulegar staðsetningar
- ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- vind og veðuraðstæður
- návist starfsfólks í leyfisleysi
- aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Undirstöðuatriði

Könnun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Hana ætti stjórnandinn að framkvæma áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að horfa eftir þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Skoðun


Skoðun á límmiðum

Notaðu myndirnar á næstu síðu til að staðfesta að allir límmiðar séu læsilegir og á sínum stað.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Fjöldi
37053	Ör - Blá	1
37054	Ör - Gul	1
37055	Þríhyrningur - Blár	2
37056	Þríhyrningur - Gulur	2
40434	Merkimiði - Festipunktur fyrir dragreipi	2
43658	Merkimiði - Rafmagn til hleðslutækis, 230 V	1
52475	Merkimiði - Flutningsbinding	4
72086	Merkimiði - Lyftiauga	2
82472	Merkimiði - Hætta á að kremjast	2
82473	Aðvörðun - Aðgangur að hólfi	1
82481	Merkimiði - Öryggi rafgeymis	1
82487	Merkimiði - Lestu handbókina	2
82614	Merkimiði - Hætta á árekstri	1
97815	Merkimiði - Lækka miðtein	1
97899	Merkimiði - Öryggisskorða	2
114334	Merkimiði - Hætta á raflosti, riðstraumsaflgjafi	1
133015	Merkimiði - Hætta á raflosti	3
216142	Merkimiði - Hætta á veltu, brekka	1
216143	Merkimiði - Hætta á að vél velti	1
216144	Merkimiði - Árekstrarhætta	1
216145	Merkimiði - Athugið akstursstefnu	1
T108701	Stjórnborð palls	1
T108702	Stjórnborð á jörðu niðri	1
T110009	Merkimiði - Rafmagn til palls 230 V	2

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Fjöldi
T110010	Fegrandi - Genie	1
T110011	Fegrandi - Genie GR-26J	2
T110012	Fegrandi - Genie GR-20J	2
T110013	Merkimiði - Hám. geta, vindur, handvirkir afl	1
T110014	Merkimiði - Álag á hjól	4
T110015	Merkimiði - Hætta á falli	1
T110016	Merkimiði - Hallaaðvörðun	1
T110017	Merkimiði - Neyðarlækkun	1
T110018	Merkimiði - Öryggi og notkun hemlalosunar	1
T110021	Merkimiði - Hætta á veltu, rafgeymar	1

Skoðun



Genie
A TEREX COMPANY

Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

- ☒ Þú lærir og iðkir meginreglur öruggrar vélarstjórnunar sem finna má í þessari stjórnandahandbók.
 - 1 Forðastu hættulegar aðstæður.
 - 2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
 - 3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.
 - 4 Kannaðu vinnustaðinn.
 - 5 **Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.**

Undirstöðuatriði

Hlutinn Notkunarleiðbeiningar veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkunar vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum.

Að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, upp í vinnusvæði sitt er óöruggt og hættulegt.

Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota þessa vél. Ef ætlast er til að fleiri en einn stjórnandi noti vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verða þeir allir að vera viðurkenndir stjórnendur og er ætlast til þess að þeir fylgi allir öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum. Það þýðir að hver nýr stjórnandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virknipróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.

Notkunarleiðbeiningar

Neyðarstöðvun

Ýttu inn öðrum hvorum rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna til að stöðva allar aðgerðir vélarinnar.

Gerðu við allar aðgerðir sem virka þegar rauða neyðarstöðvunarhnappinum er ýtt inn.

Val og notkun stjórnækja á jörðu niðri hnekkir rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum.


Neyðarlækkun

Að láta gálgann síga

- 1 Opnaðu hlífina á snúanlega hlutanum beint á móti stjórnækjum á jörðu niðri.

- 2 Finndu aðgerðarloka gálga á aðgerðagreininni.

- 3 Snúðu hettunni rangsælis til að opna lokann.




- 4 Opnaðu hlífina á snúanlega hlutanum þeim megin sem stjórnækji á jörðu niðri eru.

- 5 Finndu neyðarlækkunarhnappinn.

- 6 Ýttu á og haltu neyðarlækkunarhnappinum.


- 7 Snúðu hettunni á lokanum réttsælis til að loka lokanum.




Að snúa snúanlega hlutanum

- 1 Opnaðu hlífina á snúningshlutanum beint á móti stjórnækjum á jörðu niðri.

- 2 Finndu lokann á hliðinni á greininni sem notuð er fyrir handvirkar notkunaraðgerðir.




- 3 Snúðu hettunni á lokanum. Snúðu hettunni rangsælis svo snúanlegi hlutinn snúist til hægri. Snúðu hettunni réttsælis svo snúanlegi hlutinn snúist til vinstri.



- 4 Settu handfang handdælnnar inn í dæluna.

- 5 Finndu snúningsloka snúanlega hlutans á aðgerðagreininni. Ýttu á og haltu svarta hnappinum á enda lokans.





- 6 Dældu handfanginu upp og niður um leið og þú heldur svarta hnappinum.

- 7 Snúðu lokanum á greininni alla leið rangsælis til að endurstilla lokann.

Notkunarleiðbeiningar

Að láta klýfurbómuna síga

- 1 Láttu gálgann síga með verklaginu Neyðarlækkun til að láta gálgann síga.
 - 2 Finndu lokann á klýfurbómunni.
 - 3 Snúðu hettunni á loka klýfurbómunnar rangsælis til að opna lokann.
 - 4 Opnaðu hlífina á snúningshlutanum beint á mótí stjórtækjum á jörðu niðri.
 - 5 Finndu lokann á hliðinni á greininni sem notuð er fyrir handvirkar notkunaraðgerðir.
 - 6 Snúðu hettunni á lokanum hægt réttsælis.
- ☉ Niðurstaða: Klýfurbóman sígur þegar lokanum er snúið að miðju hreyfisviðsins.
- 7 Þegar klýfurbóman hefur sigið skaltu snúa hettunni á loka klýfurbómunnar réttsælis til að loka lokanum.
 - 8 Á greininni sem notuð er fyrir handvirkar notkunaraðgerðir skaltu snúa lokahettunni rangsælis til að loka lokanum.



Að stýra

- 1 Opnaðu hlífina á snúningshlutanum beint á mótí stjórtækjum á jörðu niðri.
 - 2 Finndu stýrilokann á aðgerðagreininni. Ýttu á og haltu svarta hnappinum á enda lokans.
 - 3 Settu handfang handdælnnar inn í dæluna og dældu upp og niður með handfanginu.
- ☉ Niðurstaða: Dekkin snúast til hægri.
- 4 Finndu lokann á aðgerðagreininni sem notuð er fyrir handvirkar notkunaraðgerðir.
 - 5 Snúðu hettunni á lokanum rangsælis.
 - 6 Finndu stýrilokann á aðgerðagreininni. Ýttu á og haltu svarta hnappinum á enda lokans.
 - 7 Settu handfang handdælnnar inn í dæluna og dældu upp og niður með handfanginu.
- ☉ Niðurstaða: Dekkin snúast til vinstri.
- 8 Handfang handdælnnar er geymt undir hlífum undirvagnsins fyrir framan rafgeymana.

Notkun frá jörðu

- 1 Snúðu lykilrofanum á stjórtækjum á jörðu niðri.
- 2 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

Að staðsetja pall

- 1 Ýttu á og haltu viðeigandi aðgerðarhnappi.
- 2 Ýttu á og haltu viðeigandi virkjunarhnappi aðgerðar.

Aksturs- og stýringaraðgerðir eru ekki tiltækar frá stjórtækjum á jörðu niðri.

Notkunarleiðbeiningar

Notkun frá palli

- 1 Snúðu lykilrofanum á stjórnækjum pallsins.
- 2 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á jörðu niðri í á-stöðuna. Snúðu til að sleppa rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í á-stöðuna.

Að staðsetja pall

- 1 Ýttu á aðgerðavalshnappinn. Vísiljósið við hlið valinnar aðgerðar logar.

Ef stýrihandfangið er ekki hreyft innan 5 sekúndna eftir að aðgerð er valin, virkar aðgerðin ekki. Veldu aðgerðina aftur.

- 2 Ýttu á og haltu inni virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.
- 3 Hreyfðu stýrihandfangið í þá átt sem merkingarnar á stjórnborðinu gefa til kynna.

Að stýra

- 1 Ýttu á aðgerðavalshnapp aksturs. Vísiljósið við hlið akstursaðgerðar logar.

Ef stýrihandfangið er ekki hreyft innan 5 sekúndna eftir að aðgerð er valin, virkar aðgerðin ekki. Veldu aðgerðina aftur.

- 2 Ýttu á og haltu inni virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.
- 3 Ýttu á þumalveltirofann ofan á stýrihandfanginu.

Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórnækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt hjólin munu snúast.

Að aka

- 1 Ýttu á aðgerðavalshnapp aksturs. Vísiljósið við hlið akstursaðgerðar logar.

Ef stýrihandfangið er ekki hreyft innan 5 sekúndna eftir að aðgerð er valin, virkar aðgerðin ekki. Veldu aðgerðina aftur.

- 2 Ýttu á og haltu inni virkjunarrofa aðgerðar á stýrihandfanginu.
- 3 Auka hraða: Hreyfðu akstur stýrihandfangið hægt út frá miðjunni.

Minnka hraða: Hreyfðu akstur stýrihandfangið hægt í átt að miðjunni.

Stöðva: Færðu akstursstýringarhandfangið í miðjuna eða slepptu virkjunarrofa aðgerðar.

Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórnækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Aksturshraði vélar er takmarkaður þegar gálgi eða klýfurbóma eru á lofti.

Notkunarleiðbeiningar

Akstursvirkjun

Logandi ljós gefur til kynna að bóman hafa hreyfst framhjá öðru hvoru föstu hjóli og akstursaðgerðin hafi verið stöðvuð.



Ýttu á akstursvirkjunarrofann og akstursaðgerðahnappinn. Græna gaumljósið ætti að kvikna.

Hreyfðu akstursstýringarhandfangið hægt út frá miðjunni til að keyra.

Gerðu þér grein fyrir að vélin kann að hreyfast í gagnstæða átt við þá sem stjórnækki aksturs og stýringar eru hreyfð í.

Notaðu alltaf litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórnækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Sé stýringarhandfangið ekki hreyft innan fimm sekúndna frá því að aðgerð er valin verður aðgerðin óvirk. Veldu aðgerðina aftur.

Notkunarleiðbeiningar

▲ Ekið í brekku

Ákvarðaðu málgildi brekku og hliðarhalla fyrir vélina og ákvarðaðu halla brekkunnar.

Hámarksnálgildi í brekku: 25% (14°)

Hámarksnálgildi hliðarhalla: 15% (9°)

Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.

Gættu þess að pallurinn sé niðri og að hann sé milli föstu hjólanna.

Til að ákvarða halla brekku:

Mældu hallann með stafrænum hallamæli EDA notaðu eftirfarandi verklag.

Þú þarft:

hallamál

beinan viðarbút, að minnsta kosti 1 m langan

málband

Leggðu viðarbútinn í brekkuna.

Leggðu hallamálið ofan á lægri enda viðarbútsins og lyftu honum þar til viðarbúturinn er láréttur.

Mældu lóðréttu vegalengdina frá neðri brún viðarbútsins til jarðar um leið og þú heldur honum láréttum.

Deildu í málbandsmælinguna (lyftingu) með lengd viðarbútsins (lengdin) og margfaldaðu með 100.

Dæmi:



Viðarbútur = 3,6 m

Lengd = 3,6 m

Lyfting = 0,3 m

$0,3 \text{ m} \div 3,6 \text{ m} = 0,083 \times 100 = 8,3\% \text{ halli}$

Ef brekkan fer umfram hámarksnálgildi fyrir brekku upp eða niður eða hliðarhalla, þá verður að draga vélina á spili eða flytja hana upp eða niður brekkuna. Sjá hlutann Flutningur og lyfting.

Notkunarleiðbeiningar

Viðvörðunarljós þegar vél er ekki lárétt



Leiftrandi ljós gefur til kynna að vélin sé ekki lárétt. Hallaaðvörunin hljómar þegar þetta ljós leiftrar. Færðu vélina á traust, lárétt yfirborð.

Viðvörðunarljós um ofhleðslu palls



Logandi ljós gefur til kynna að pallurinn sé ofhlaðinn og engar aðgerðir virka. Hallaaðvörunin hljómar þegar þetta ljós logar.

Fjarlægðu þungann af pallinum til að halda áfram notkun vélar, eða láttu mannaskju á jörðu niðri snúa lykilrofanum á stjórnstækjunum niðri til að láta pallinn síga.

Notkunarleiðbeiningar



Leiðbeiningar um rafgeymi og hleðslutæki

Virða og hlýða:

- ☒ Ekki nota utanaðkomandi hleðslutæki eða startgeymi.
- ☒ Hlaða skal rafgeyminn á vel loftræstu svæði.
- ☒ Notaðu rétta inntaksspennu riðstraums til hleðslu eins og gefið er til kynna á hleðslutækinu.
- ☒ Notaðu aðeins rafgeymi og hleðslutæki sem Genie hefur viðurkennt.

Rafgeymir hlaðinn

- 1 Opnaðu hlífur snúanlega hlutans. Hlífarnar verða að vera opnar allt hleðsluferlið.
- 2 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á snúanlega hlutanum.
- 3 Fjarlægðu öndunarlokin af rafgeyminum og athugaðu stöðu raflausnarinnar í rafgeyminum. Ef nauðsyn krefur skal bæta á eimuðu vatni svo það nái 1 cm yfir plöturnar í hverri rafgeymasellu. Ekki yfirfylla.

Ekki hlaða rafgeymana ef hitastig raflausnar í geyminum er yfir 40°C. Láttu hitastig raflausnarinnar lækka fyrst áður rafgeymarnir eru hlaðnir.

- 4 Hreinsaðu og settu öndunarlokin aftur á rafgeyminn.
- 5 Tengdu hleðslutækið við jarðtengdan riðstraumsaflgjafa. Þegar hleðsluferlið hefst skal ekki stöðva það. Þörf er á um það bil 10 klukkustunda hleðsluferli fyrir rafgeyma sem afhlaðnir eru að 70% til 80%.
- 6 Hleðslutækið gefur til kynna hvenær rafgeymirinn er fullhlaðinn.
- 7 Fjarlægðu öndunarlokin af rafgeyminum og athugaðu stöðu raflausnarinnar í rafgeyminum þegar hleðsluferlinu er lokið. Bættu á eimuðu vatni svo það nái 1 cm yfir plöturnar í hverri rafgeymasellu. Ekki yfirfylla.
- 8 Settu öndunarlokin aftur á rafgeyminn.
- 9 Aftengdu hleðslutækið frá riðstraumsaflgjafanum.
- 10 Lokaðu rafgeymahlífunum og kræktu aftur.
- 11 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

Notkunarleiðbeiningar

Leiðbeiningar um fyllingu og hleðslu þurrgeymis

- 1 Opnaðu hlífina yfir snúanlega hlutanum. Hlífarnar verða að vera opnar allt hleðsluferlið.
- 2 Fjarlægðu öndunarlok rafgeymisins og fjarlægðu plastinnsiglið varanlega af öndunargötum rafgeymisins.
- 3 Fylltu hvert hólfi með raflausn þar til hæðin er nægileg til að hylja plöturnar.

Ekki fylla upp að hámarksstöðu fyrr en hleðsluferli rafgeymisins er lokið. Yfirfylling getur valdið því að raflausn flæði upp úr meðan á hleðslu stendur. Gerðu raflausn sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

- 4 Settu öndunarlok rafgeymisins á.
- 5 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum.
- 6 Tengdu hleðslutækið við jarðtengdan riðstraumsaflgjafa. Þegar hleðsluferlið hefst skal ekki stöðva það.
- 7 Hleðslutækið gefur til kynna hvenær rafgeymirinn er fullhlaðinn.
- 8 Fjarlægðu öndunarlokin af rafgeyminum og athugaðu stöðu raflausnarinnar í rafgeyminum þegar hleðsluferlinu er lokið. Bættu á eimuðu vatni svo það nái 1 cm yfir plöturnar í hverri rafgeymasellu. Ekki yfirfylla.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu



Virða og hlýða:

- ☑ Genie Industries veita þessar upplýsingar um festingu sem ráðleggingu. Ökumenn eru alfarið ábyrgir fyrir því að ganga úr skugga um að vélar séu almennilega festar og að réttur tengivagn sé valinn, í samræmi við reglugerðir Samgöngumálaráðuneytis Bandaríkjanna, aðrar staðfærar reglugerðir og stefnu fyrirtækis síns.
- ☑ Viðskiptavinir Genie sem þurfa að setja lyftara eða Genie vöru í gám, ættu að leita uppi viðurkenndan fragtflutningamiðlara með sérþekkingu í að undirbúa, ferma og festa vinnuvélar og lyftibúnað fyrir alþjóðlegar sendingar.
- ☑ Aðeins viðurkenndir stjórnendur vinnulyfta ættu að hreyfa vélina á eða af vagninum.
- ☑ Leggja verður flutningsökutækinu á jafnsléttu.
- ☑ Ganga verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.
- ☑ Gættu þess að geta ökutækisins, fermingarfletir og keðjur eða ólar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Genie lyftarar eru mjög þungir miðað við stærð sína. Sjá raðnúmeramerkið fyrir þyngd vélarinnar.

- ☑ Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram málgildi vélarinnar varðandi brekkur upp í móti, niður í móti, eða til hliðar. Sjá Ekið í brekku í hlutanum Notkunarleiðbeiningar.
- ☑ Ef hallinn á palli flutningsökutækisins fer umfram hámarks málgildi varðandi halla upp eða niður í móti verður að ferma og afferma vélina með vindu, eins og lýst er. Sjá hlutann Tæknilýsing vegna málgildis halla.

Hemlalosunaraðgerð

- 1 Skorðaðu hjólin til að koma í veg fyrir að vélin renni.
- 2 Gættu þess að vindulínan sé almennilega fest við tengipunkta undirvagnsins og að leiðin sé laus við allar hindranir.
- 3 Finndu veltirofa hemlalosunar undir hliðarsnúningshlífi stjórtækja á jörðu niðri.
- 4 Færðu veltirofa hemlalosunar til vinstri til að losa hemlana. Aðvörun hljómar og engin aðgerð virkar.



Eftir að vélin hefur verið fermd:

- 1 Skorðaðu hjólin til að koma í veg fyrir að vélin renni.
- 2 Færðu veltirofa hemlalosunar til hægri til að setja hemlana aftur á.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

⚠ Lyftari eða tengivagn festur fyrir flutning

Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn fyrir flutning.


Athugaðu með lausa eða ófesta hluti á allri vélinni.

Undirvagninn festur

Notaðu keðjur með nægri burðargetu.

Notaðu að lágmarki 4 keðjur.

Lagfærðu útbúnaðinn til að koma í veg fyrir skemmdir á keðjunum.



Leiðbeiningar um flutning og lyftingu



Virða og hlýða:


- ☒ Aðeins viðurkenndir kranamenn ættu að undirbúa og lyfta vélinni.
- ☒ Gættu þess að geta kranans, feringarfletir og ólar eða taugar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeramerkið fyrir þyngd vélarinnar.

Lyftileiðbeiningar

Láttu gálgann og klýfurbómuna síga til fulls. Fjarlægðu alla lausa hluti af vélinni.

Festu lyftibúnaðinn aðeins við tilnefnda lyftipunkta á vélinni. Það eru tveir lyftipunktar ofan á gálganum.

Lagfærðu lyftibúnaðinn til að koma í veg fyrir skemmdir á vélinni og til að halda henni lárétttri.



Viðhald



Virða og hlýða:

- ☑ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.
- ☑ Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu ljúka við reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.
- ☑ Notaðu aðeins varahluti sem Genie hefur samþykkt.

Myndskýringar viðhaldstákna

Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að hjálpa til við að miðla ásetningu leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsferlis gefur það til kynna merkinguna að neðan.



Gefur til kynna að þörf sé á verkfærum til að framkvæma þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á nýjum hlutum til að framkvæma þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á köldum mótör eða dælu til að framkvæma þetta verklag.

Athuga rafgeymana



Almennilegt ástand rafgeymis er nauðsynlegt fyrir góða frammistöðu vélar og notkunaröryggi. Röng vökvastaða eða skemmdir kaplar og tengingar geta leitt til skemmda á íhlutum og hættuástands.



Hætta á raflosti. Snerting við heitar rafrásir eða rafrásir með spennu kunna að leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgrip.



Hætta á líkamstjóni. Rafgeymar innihalda sýru. Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

- 1 Farðu í hlífðarfatnað og settu á þig augnhlífir.
- 2 Gættu þess að tengi rafgeymakapals séu hert og laus við tæringu.
- 3 Gættu þess að krapparnir sem halda rafgeyminum séu á sínum stað og öruggir.

Ath.: Ef skauthlífir og þéttiefni til tæringarvarnar er sett á hjálpar það við að koma í veg fyrir tæringu á skautum og köplum rafgeymis.

Viðhald

Athuga stöðu glussa



Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu glussa sé haldið rétt. Röng staða glussa getur skemmt íhluti vökvakerfisins. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á olíustöðu sem gætu bent til vandamála í vökvakerfinu.

- 1 Gættu þess að bóman sé í frágenginni stöðu, skoðaðu síðan hæðarstöðumælinn sem staðsettur er á hlið glussatanksins. Bættu á olíu eftir þörfum.

- ⦿ Niðurstaða: Glussastaðan ætti að vera við merkið FULL (FULLUR) á hlið glussatanksins.

Tæknilýsing glussa

Gerð glussa	Chevron Rando HD jafngildi
-------------	----------------------------

Reglubundið viðhald

Viðhald sem framkvæmt er ársfjórðungslega, árlega og á tveggja ára fresti verður að vera framkvæmt af einstaklingi sem hefur þjálfun og hæfni til að framkvæma viðhald á þessari vél í samræmi við verklagið sem finna má í þjónustuhandbók fyrir þessa vél.

Fara verður fram ársfjórðungsleg skoðun á vélum sem hafa staðið ónotaðar í meira en þrjá mánuði áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Tæknilýsing

Gerð	GR-20J
Hæð, hámark fyrir vinnu	7,7 m
Hæð, hámark fyrir pall	5,7 m
Hæð, hámark frágenginn	1,99 m
Hámarksseiling lóðrétt	2,75 m
Breidd	0,9 m
Lengd, frágenginn	2,95 m
Hámarksburðargeta	200 kg
Hámarksvindhraði, notkun utanhúss	12,5 m/s
Hjólhaf	1,2 m
Snúningsgeisli (innri)	0,49 m
Snúningsgeisli (ytri)	1,98 m
Hringsnúningur	350°
Endasveifla hringsnúnings	9,5 cm
Aflgjafi	12 2 V, 250 AH rafgeymar
Aksturshraði, frágenginn	4,5 km/klst. 12,2 m/9,7 sek.
Aksturshraði, bómur á lofti	0,65 km/klst. 12,2 m/67 sek.
Titringsgildi fer ekki yfir 2,5 m/s ²	
Hæð frá jörðu	10 cm
Þyngd	2.250 kg
(Þyngd vélar er breytileg eftir uppstillingu valkosta. Sjá raðnúmeramerkið vegna tiltekinnar þyngdar vélarinnar.)	
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA

Mál palls (lengd x breidd)	75 cm x 90 cm
Jafnvægi palls	sjálfstillandi
Hringsnúningur	350°
Stjórnæki	24 V DC hlutfallsleg
Riðstraumsúttak á palli	venjulegt
Vökvapþrýstingur, hámark (bómuaðgerðir)	140 bör
Spenna kerfis	24 V
Dekkjastærð (mynsturslaus)	40,6 cm x 28 cm
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Hámarkshliðarhalla, frágengin staða	15% (9°)
Ath.: Hallamat er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	

Upplýsingar um hleðslu á gólfi

Þungi á dekk, að hámarki	1.300 kg
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	1.753 kg/m ² 17,19 kPa

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlanir og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar.
Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.



Tæknilýsing

Gerð	GR-26J
Hæð, hámark fyrir vinnu	9,9 m
Hæð, hámark fyrir pall	7,9 m
Hæð, hámark frágenginn	1,99 m
Hámarksseiling lóðrétt	2,65 m
Breidd	99 cm
Lengd, frágenginn	2,82 m
Hámarksburðargeta	200 kg
Hámarksvindhraði, notkun utanhúss	12,5 m/s
Hjólhaf	1,2 m
Snúningsgeisli (innri)	0,49 m
Snúningsgeisli (ytri)	1,98 m
Hringsnúningur	350°
Endasveifla hringsnúnings	9,5 cm
Aflgjafi	12 2 V, 250 AH rafgeymar
Aksturshraði, frágenginn	4,5 km/klst. 12,2 m/9,7 sek.
Aksturshraði, bómur á lofti	0,65 km/klst. 12,2 m/67 sek.
Titringsgildi fer ekki yfir 2,5 m/s ²	
Hæð frá jörðu	10 cm
Þyngd (Þyngd vélar er breytileg eftir uppstillingu valkosta. Sjá raðnúmeramerkimiða vegna tiltekinnar þyngdar vélarinnar.)	2.650 kg
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA

Mál palls (lengd x breidd)	75 cm x 90 cm
Jafnvægi palls	sjálfstillandi
Hringsnúningur	350°
Stjórnæki	24 V DC hlutfallsleg
Riðstraumsúttak á palli	venjulegt
Vökvapþrýstingur (hámark) (bómuaðgerðir)	140 bör
Spenna kerfis	24 V
Dekkjastærð (mynsturslaus)	40,6 cm x 28 cm
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Hámarkshliðarhalla, frágengin staða	15% (9°)
Ath.: Hallamat er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	

Upplýsingar um hleðslu á gólfi

Þungi á dekk, að hámarki	1.500 kg
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	2.050 kg/m ² 20,1 kPa

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlanir og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar.
Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.



Dreift af: